
Til

Ved Stranden 18
DK-1061 København K

Afrit

Sími +45 3396 0200
Bréfasími +45 3396 0202
www.norden.org

Frá
Kåre Geil

Efni

6. september 2016
16-00538-4

Ráðherranefndartillaga um norræna samstarfsáætlun um aðlögun flóttafólks og innflytjenda

1. Samantekt

Norrænu samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) hafa unnið tillögu að norrænni samstarfsáætlun um aðlögun flóttafólks og innflytjenda. Samstarfsáætluninni er ætlað að efla norrænt samstarf um aðlögun flóttafólks og innflytjenda með því að miðla reynslu og skapa þekkingu og styðja með þeim hætti við starf að þessum málaflokki í löndunum.

Meginþættir áætlunarinnar eru fjórir:

1. Miðstöð upplýsingamiðlunar
2. Öflun frekari þekkingar
3. Fjármögnun verkefna í löndunum
4. Sérstakt ráðherrasamstarf

Fjárhagsrammi áætlunarinnar á árinu 2016 nemur rúmlega 12 milljónum danskra króna. Þess ber að geta að framlag samstarfsráðherranna nemur 5,8 milljónum danskra króna en á móti koma framlög fagsviðanna sem nema samanlagt næstum 7 milljónum danskra króna.

Gerð fjárhagsáætlunar fyrir öll verkefni sem ráðgerð eru á árinu 2017 er ekki lokið en ljóst er að heildarfjárhagsrammi ársins 2017 verður rúmlega 15 milljónir danskra króna. Formennskuáætlun Norðmanna 2017 leggur til verulega fjárhæð sem og ýmis fagsvið.

Samstarfsráðherrarnir óska hér með eftir álit Norðurlandaráðs á tillögu að samstarfsáætlun um aðlögun flóttafólks og innflytjenda.

2. Forsaga

Hinn 29. apríl 2016 ákváðu samstarfsráðherrarnir að setja norrænt samstarf um aðlögun flóttafólks og innflytjenda í sérstakan forgang. Víkka á samstarfið og efla í hagnýtri samstarfsáætlun.

Með hliðsjón af þessu vann framkvæmdastjóri ráðherranefndarinnar tillögu að samstarfsáætlun. Samstarfsráðherrarnir hafa fjallað um hana og er hún hér með lögð fyrir Norðurlandaráð.

3. Tillaga

Meginmarkmið áætlunarinnar

Meginmarkmið áætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar um aðlögun flóttafólks og innflytjenda 2016–2018 er sem hér segir:

Að styðja við starf að aðlögun flóttafólks og innflytjenda í löndunum með því að efla norrænt samstarf um þessi málefni með miðlun reynslu og sköpun nýrrar þekkingar í brennidepli.

Undirmarkmið áætlunarinnar

Til að ná hinu almenna markmiði felur nýja áætlunin í sér eftirtalin undirmarkmið:

- Að kortleggja norrænt samstarf sem nú fer fram um aðlögun flóttafólks og innflytjenda.
- Að dreifa og miðla norrænni þekkingu og reynslu af aðlögunarmálum.
- Að leiða saman stofnanir og aðra aðila sem vinna að aðlögun á Norðurlöndum, þar á meðal ráðuneyti, stjórnarsýslustofnanir, yfirvöld, svæðisyfirvöld, sveitarfélög, fagfólk, sérfræðinga og borgarsamfélagið.
- Að styðja við það aðlögunarstarf sem nú fer fram í löndunum.
- Að virkja norrænar stofnanir til þátttöku við framkvæmd áætlunarinnar, t.d. Norrænu velferðarmiðstöðina (NVC), Norrænu rannsóknastofnunina um byggðaþróun (Nordregio) og Norræna rannsóknaráðið (NordForsk).
- Að afla nánari þekkingar sem byggir á niðurstöðum rannsókna á aðlögun.
- Að koma á norrænni samstarfsáætlun til þriggja ára.

Samstarfsáætlunin á að stuðla að og styðja við stefnumótandi starf um málefni barna og ungmenna, jafnréttismál og sjálfbæra velferð þvert á fagsvið Norrænu ráðherranefndarinnar.

Þættir áætlunarinnar

Meginþættir áætlunarinnar eru fjórir:

1. Miðstöð upplýsingamiðlunar

Virk miðlun á þekkingu, bestu starfsháttum og áþreifanlegri reynslu verður tryggð með miðlægum samhæfingaraðila sem verður miðstöð upplýsingamiðlunar. Miðstöð upplýsingamiðlunar á að vera hugmyndabanki og mynda tengslanet. Á þann hátt tekur miðstöðin virkan þátt í að tryggja samhæfingu og miðlun þekkingar milli margra aðila, það er stjórnvalda, sveitarfélaga, félagasamtaka, ráðuneyta, stjórnarsýslustofnana og annarra.

2. Öflun frekari þekkingar

Áætlunin á að tryggja að skapaður verði sameiginlegur þekkingargrunnur á Norðurlöndum og verði það gert með aðgerðum ýmist til skemmri eða lengri tíma:

- Til skemmri tíma: Útgáfa skýrslu þar sem fram kemur yfirlit yfir fyrirliggjandi þekkingu og rannsóknir á aðlögun. Áhersla er lögð á yfirsýn, samantekt og stefnumarkandi tillögur.
- Til lengri tíma: Skýr sameiginleg norræn rannsóknáætlun um aðlögun með þátttöku rannsóknasjóða og annarra fjármögnunaraðila á Norðurlöndum.

3. Fjármögnun verkefna í löndunum

Á árinu 2016 er fé áætlunarinnar varið í að styrkja norræn aðlögunarverkefni sem orðið hafa til hjá yfirvöldum, félagasamtökum og stofnunum í löndunum. Ráðgjafarhópur áætlunarinnar gæti gegnt mikilvægu hlutverki við umsýslu fjárins.

4. Sérstakt ráðherrasamstarf

Aðlögun spannar breitt svið, t.a.m. heilbrigðismál, félagslegar aðstæður, málefni barna og ungmenna, húsnæðismál, skólagöngu, menntun, tungu- málakennslu, borgarasamfélagið, vinnumál, aðlögun á vinnumarkaði og jafnrétti. Margir þessara málaflokka eru margslungnir og falla undir fleiri en eina fagráðherranefnd. Formennska Finna kallaði því til óformlegs ráðherra- fundar á haustdögum 2016 með þeim ráðherrum sem fara með aðlögunarmál í hverju landi fyrir sig.

Hlutverk miðstöðvar upplýsingamiðlunar

Starf miðstöðvar upplýsingamiðlunar mun á margan hátt felast í nýsköpun og því er vert að íhuga hlutverk hennar vandlega.

Verkefni miðstöðvar upplýsingamiðlunar verður að greiða fyrir miðlun og dreifingu reynslu og þekkingar milli þeirra mörgu aðila sem starfa að aðlögun flóttafólks og innflytjenda á Norðurlöndum.

Ein tiltekin norræn stofnun verður valin til að sinna þessu verki. Umrædd stofnun innleiðir náðið og skuldbindandi samstarf við eina eða fleiri norrænar stofnanir eða viðeigandi aðila í löndunum sem búa yfir sérfræðiþekkingu á sviði aðlögunar. Þannig myndast tengsl og þekking á mörgum mismunandi löndum og tungumálasvæðum í starfinu.

Í því sambandi skiptir sköpum að norræn miðstöð upplýsingamiðlunar megni á sannfærandi hátt:

- Að þekkja alla viðeigandi aðila á Norðurlöndum sem búa yfir sérfræðiþekkingu og færni á sviði aðlögunar.
- Að koma á þétta samstarfsneti umræddra aðila og halda því við.
- Að hafa skilning á því sem felur í sér notagildi fyrir sömu aðila og þar með óskir þeirra um þekkingu, bestu starfshætti og tengslanet.

Verkefni hinnar norrænu miðstöðvar upplýsingamiðlunar verður því að greiða fyrir samstarfi viðeigandi aðila á Norðurlöndum og þjónusta samstarfsnet þeirra. Að sjálfsögðu þarf að skilgreina nánar þá þjónustu sem miðstöðin á að veita en hún þarf meðal annars að fela í sér:

- Að gefa út stutt, markviss og algjörlega uppfærð minnisblöð um bestu starfshætti. Minnisblöðin pantar miðstöð upplýsingamiðlunar hjá réttum aðilum, t.d. í löndunum, hjá norrænum stofnunum eða alþjóðasamtökum og miðlar þeim síðan áfram til samstarfsnetsins.
- Að tryggja að minnisblöðunum verði dreift og þau uppfærð.
- Að koma á samstarfsnetum, fundarstöðum og öðrum vettvangi fyrir alla þátttakendur í samstarfsnetinu, hvort sem er í raunheimum eða á Netinu.
- Að viðhalda samskiptum við alla í samstarfsnetinu.

Síðar verði metið hvernig tengja má umrædda miðstöð upplýsingamiðlunar við helstu yfirvöld í löndunum í því skyni að tryggja að miðstöðin hafi alltaf nóg að gera og sinni því sem löndin falast eftir.

4. Samstarf/skipulag

Framkvæmdastjóri ráðherranefndarinnar mun bera ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar.

Framkvæmdastjóranum er kunnugt um að hópur norrænna embættismanna úr ráðuneytum starfar að aðlögunarmálum og hefur skrifstofa ráðherranefndarinnar sett sig í samband við hópinn.

Áætlunin kemur til framkvæmdar í nánu samstarfi við formennskuríki Norrænu ráðherranefndarinnar á hverjum tíma.

Aðgerðaáætlun 2016

Hinni nýju norrænu áætlun verður hrint í framkvæmd um leið og samstarfsráðherrarnir hafa tekið ákvörðun þar að lútandi. Ef farið verður eftir tillögu framkvæmdastjórans verður hægt að ýta áætluninni úr vör svo eftir verður tekið á árinu 2016 með eftirtöldum aðgerðum, sjá „Fjárhagsyfirlit 2016“ hér á eftir:

- Að taka saman yfirlit yfir helstu aðila á Norðurlöndum sem vinna að aðlögun: Ráðuneyti, yfirvöld, stjórnarsýslustofnanir, félagasamtök, stofnanir o.fl. Slíkt yfirlit er mikilvæg forsenda þess að hægt verði að setja á laggirnar þá miðstöð upplýsingamiðlunar sem kveðið er á um í áætluninni.
- Fyrsta ráðstefnan um aðlögun verður haldin á árinu 2016. Þar verður fjallað um mikilvægi menningargeirans og borgarasamfélagsins fyrir aðlögun flóttafólks og innflytjenda. Menningarmálaráðherrarnir (MR-K) hafa umsjón með ráðstefnunni.
- Á árinu 2016 þegar ákvörðun liggur fyrir um áætlunina verður hafist handa við gerð samantektar um fyrirliggjandi þekkingu og rannsóknir á aðlögun. Norræna rannsóknastofnunin um byggðapróun (Nordregio) og Norræna rannsóknaráðið (NordForsk) munu koma að því verki. Samtímis mun framkvæmdastjóri ráðherranefndarinnar tryggja að menntamálaráðherrarnir (MR-U) ræði nýja norræna rannsóknáætlun til margra ára og verði fjárframlög til hennar 60 milljónir danskra króna, sjá „Fjárhagsyfirlit 2016“.
- Framkvæmdastjórinn ýtir starfinu úr vör og tryggir uppbyggingu þekkingar jafnframt því að velja norræna miðstöð upplýsingamiðlunar sem mun sjá um miðlun á þekkingu og bestu starfsháttum.
- Á árinu 2016 er hluta ráðstöfunarfjár áætlunarinnar varið í aðlögunarverkefni í löndunum.
- Framkvæmdastjórinn ræður sérfræðing í starf aðalráðgjafa á skrifstofuna sem hefur það hlutverk að sjá um samhæfingu og daglega stjórnun áætlunarinnar.

Aðgerðir á fagsviðum

Hinn 25. apríl 2016 sendi framkvæmdastjórinn beiðni til allra fagraðherranefnda þess efnis að þær tækju þátt í og legðu sitt af mörkum til hinar nýju sameiginlegu samstarfsáætlunar um aðlögun. Allar ráðherranefndir voru beðnar um að greina frá aðgerðum sem ráðgerðar eru á árunum 2016 og 2017, og jafnframt hvornig þær gætu lagt sitt af mörkum. Öll fagsviðin voru beðin um að gefa upp þær fjárhæðir sem þau höfðu ráðstafað – eða hygðust ráðstafa – í þessum tilgangi.

Af svörum fagsviðanna kemur fram að afar metnaðarfullt og fjölbreytt samstarf er þegar hafið innan Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði aðlögunar. Svörin sýna ennfremur að fagsviðin munu verja talsverðu fé til þessa starfs á árinu 2016 og næstu árum. Svör fagsviðanna er að finna í fylgiskjöllum. Meðal fylgiskjala er svar samstarfssviðs um atvinnustefnu auk kynningar á máli fyrir næsta fund embættismannanefndarinnar um atvinnustefnu (EK-N) en hún veitir góða yfirsýn yfir þær aðgerðir varðandi aðlögun sem ráðgerðar eru.

Einnig ber að geta þess að aðlögun hefur verið og verður áfram eitt helsta umræðuefni á ráðherrafundum ársins 2016. Nokkur dæmi:

- Fundur ráðherranefndar um menntamál og rannsóknir (MR-U) 1/16 hinn 5. apríl: Þemaumræða um „*Börn og ungmenni sem eru nýkomin til Norðurlanda og erfiðleika þeirra í skólakerfinu*“
- Fundur ráðherranefndar um félags- og heilbrigðismál (MR-S) 1/16 hinn 27. apríl: Þemaumræða um „*Félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir hælisleitendur og innflytjendur*“
- Fundur ráðherranefndar um menningarmál (MR-K) 1/16 hinn 2. maí: Þemaumræða um „*Menningu og aðlögun*“
- Fundur ráðherranefndar um vinnumál (MR-A) 1/16 hinn 29. nóvember: Tillaga að þema: „*Þróun vinnumarkaðsaðgerða sem auðvelda aðlögun flóttafólks og innflytjenda*“.
- Fundur ráðherranefndar um atvinnu-, orku- og byggðastefnu (MR-NER) hinn 23. nóvember: Tillaga að þema: „*Aðlögun nýkominna*“

Áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um aðlögun flóttafólks og innflytjenda mun eiga þátt í að byggja brýr milli aðgerða á hinum ýmsu sviðum og efla um leið þverfaglegt eðli áætlunarinnar.

Samskipti

Samskipti ráða úrslitum í samstarfi sem felst í að ná til eins marga norrænna aðila og hægt er. Ráðgjafi á samskiptasviði skrifstofunnar verður því tengdur áætluninni.

5. Fjárhagsyfirlit

Ef marka má eftirfarandi fjárhagsyfirlit þar sem greint er stuttlega frá helstu aðgerðum sem ráðgerðar eru á fagsviðunum virðist áætlunin ætla að verða afar víðtæk, öflug og vel tengd, strax á þessu ári.

Árið 2016 er fjárhagsrammi áætlunarinnar rúmlega 12 milljónir danskra króna. Taka ber fram að framlag samstarfsráðherranna (MR-SAM) nemur 5,8 milljónum danskra króna en á móti koma framlög fagsviðanna sem nema næstum 7 milljónum danskra króna.

Fjárhagsáætlun fyrir allt sem ráðgert er á árinu 2017 liggur ekki fyrir en vitað er að heildarfjárhagsrammi ársins 2017 verður rúmlega 15 milljónir danskra króna. Formennskuáætlun Norðmanna á árinu 2017 leggur til verulega fjárhæð sem og ýmis fagsvið.

Langtímarannsóknir með aðkomu norrænna fjármögnunaraðila myndu hækka fjárhagsrammann verulega.

Fjárhagsáætlun 2016

Starfsemi	Fjárhagsáætlun	Fjármögnun		
		Fjárveiting til forgangsverkefna		Fjárhagsáætlanir fagsviða
		Framlag samstarfsráðherranna	Framlag formennskulandsins	
Helstu aðilar á sviði aðlögunar á Norðurlöndum kortlagðir: Ráðuneyti, yfirvöld, stjórnýslustofnanir, félagasamtök, stofnanir o.fl.	0,2 m.da.kr.	5,5 m.da.kr. (1,5 m.da.kr. sem samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) ákváðu 3. febrúar 2016, og 4,0 m.da.kr. sem færðar voru af fjárlíð 1-0950 yfir á fjárlíð 1-8411)		
Aðgerðir með áherslu á menningargeirann og borgarasamfélagið, m.a. norræn ráðstefna um aðlögun (á vegum menningarmálaráðherranna, (MR-K))	1,5 m.da.kr.			
Skýrsla þar sem tekin er saman fyrirbyggjandi þekking og rannsóknir á aðlögun. Áhersla er lögð á yfirsýn, samantekt og stefnumarkandi tillögur.	0,5 m.da.kr.			
Velja og tryggja uppbyggingu þekkingar: Norræn miðstöð upplýsingamiðlunar fyrir skipti á þekkingu og bestu starfsvenjum	1,0 m.da.kr.			
Fjárveiting til verkefna í löndum, þar á meðal á fagsviðunum	1,8 m.da.kr.			
Ráðning sérfræðings í starf aðalráðgjafa á skrifstofunni	0,5 m.da.kr.			
Ráðherranefndin um vinnumál (MR-A): Hlutverk alþýðufræðslu og fullorðinsmenntunar í aðgerðum til aðlögunar og atvinnusköpunar fyrir flóttafólk	0,7 m.da.kr.			
Ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál (MR-S): Norræna nefndin um heilbrigðisskýrslur (NOMESKO) og Norræna hagsýslunefndin (NOSOSKO): Verkefni um áhrif aðflutnings á norræna velferðarlíkanið	0,7 m.da.kr.			0,7 m.da.kr.
Ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál (MR-S): Norræna velferðarmiðstöðin (NVC): Þekkingarverkefni um fylgdarlaus börn meðal flóttafólks á Norðurlöndum	0,6 m.da.kr.			0,6 m.da.kr.
Ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U): Norræna tengslanetið um fullorðinsfræðslu	1,7 m.da.kr.			1,7 m.da.kr.

(NVL): Móttaka nýkominna til bættrar aðlögunar				
Ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U): Ráðstöfunarfé fagsviðsins notað m.a. til að styrkja málþing um börn innflytjenda, aðlögunar-málefni og aðgerðir hvað varðar tungumál	0,5 m.da.kr.			0,5 m.da.kr.
Ráðherranefndin um umhverfismál (MR-M): Verkefni um náttúru-kennslu, útivist og aðlögun	0,1 m.da.kr.			0,1 m.da.kr.
Ráðherranefndin um byggðastefnu (MR-Regional): Samstarfsáætlun 2013–2016: Hlutverk innflytjenda á staðbundnum og svæðisbundnum vinnumarkaði – <i>From Migrants to Workers</i>	0,75 m.da.kr.			0,75 m.da.kr.
Ráðherranefndin um byggðastefnu (MR-Regional): Norræna rannsóknastofnunin um byggðapróun: Gerð yfirlits yfir rannsóknir sem gerðar hafa verið á aðskilnaði í borgum á Norðurlöndum	0,3 m.da.kr.			0,3 m.da.kr.
Ráðherranefndin um efnahags- og fjármálastefnu (MR-FINANS): Ráðstefna og útgáfa á Nordic Economic Policy Review með aðlögun í brennidepli	0,6 m.da.kr.			0,6 m.da.kr.
Ráðherranefndin um atvinnustefnu (MR- Näring): Kortlagning á bestu starfs-háttum atvinnulífsins varðandi aðlögun fólks sem er nýkomið til norrænu landanna. Hægt verður að fylgja þeim eftir með frekari aðgerðum.	0,75 m.da.kr.			0,75 m.da.kr.
Ráðherranefndin um jafnréttismál (MR-JÄM): Alþjóðleg ráðstefna um umskurð á konum	-			-
Skrifstofa ráðherranefndarinnar í Eistlandi: Nordic-Baltic Co-operation on Challenges of Immigration and Integration of New Arrivals and Return Migrants 2016-2017	0,3 m.da.kr.	0,2 m.da.kr. (Ráðstafað af fjárlíð 1–0820 <i>Uppbygging þekkingar og myndun tengslaneta</i>)		
Skrifstofa ráðherranefndarinnar í Litháen: Fostering refugee integration at the local level, creating intersectional	0,2 m.da.kr.	0,1 m.da.kr. (Ráðstafað af fjárlíð 1–0820 <i>Uppbygging þekkingar og myndun tengslaneta</i>)		

cooperation network between municipalities and nongovernmental organisations				
Áætlað samtals	12,7 m.da.kr.	5,8 m.da.kr.		6,7 m.da.kr.

Fjárhagsáætlun 2017, drög

Starfsemi	Fjárhagsáætlun	Fjármögnun		
		Fjárveiting til forgangsverkefna		Fjárhagsáætlanir fagsviða
		Framlag samstarfsráðherranna	Framlag formennskulandsins	
Ef til vill ráðherraráðstefna / sérstök ráðherranefnd skipuð öllum norrænum ráðherrum sem fara með aðlögunarmál	0,6 m.da.kr.	8 m.da.kr.		
Rannsóknir: Ýta úr vör norrænni rannsóknaráætlun um aðlögun að höfðu samráði við norræna rannsóknasjóði og aðra fjármögnunaraðila	(samtals fjárveitingar til rannsóknaráætlunar: 60 m.da.kr.)			20 m.da.kr. frá ráðherranefndinni um menntamál og rannsóknir (MR-U) 40 m.da.kr. frá löndunum í nokkur ár
Nýtt norrænt styrkjakerfi: Styrkir til aðlögunarstarfs í löndunum með áherslu á hagnýta reynslu á sviðum sem fela í sér virðisauka fyrir norrænt samstarf	3,0 m.da.kr.			
Norræn miðstöð upplýsingamiðlunar fyrir miðlun á þekkingu og bestu starfsháttum, starfsemi, rekstur og frekari þróun	3,6 m.da.kr.			
Aðalráðgjafi á sviði aðlögunar, stöðugt samráð og samhæfing starfsemi miðstöðvar upplýsingamiðlunar	0,8 m.da.kr.			
Formennskuáætlun Norðmanna 2017-2019: Hlutverk menningarlífs og sjálfböðastarfs	2,0 m.da.kr.			2,0 m.da.kr.
Formennskuáætlun Norðmanna 2017-2019: - Mat á erlendra menntun og starfsréttindum - 0-24-samstarfið: Börn og ungmenni í áhættuhópum	3,2 m.da.kr.			3,2 m.da.kr.
Ráðherranefndin um vinnumál (MR-A): Eftirfylgni með stefnumótandi úttekt Pouls Nielson á vinnumálasviði	-			

en í henni er gert ráð fyrir að aðlögun flóttafólks og innflytjenda verði eitt af mörgum áherslusviðum.				
Ráðherranefndin um vinnumál (MR-A): Á formennskuári Norðmanna er ráðgerð ráðstefna um fólksflutninga og stöðuna í málefnum flóttafólks.	-			Ráðstefnan verður fjármögnuð af fjárlið formennskuverkefna.
Ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U): Á nýju starfstímabili Nordplus sem hefst 2017 verður mögulegt að setja tengslanet og norrænt samstarf um málefni flóttafólks og innflytjenda í forgang.	-			-
Ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál (MR-S): Úttekt á félagsmálasviði, þar sem innflytjendur og flóttafólk verða m.a. í brennidepli.	-			-
Ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál (MR-S): Norrænn leiðtogafundur um geðlækningar 2017, ef til vill með innflytjendur og flóttafólk í brennidepli.	-			-
Ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál (MR-S): Norræna velferðarmiðstöðin (NVC): Verkefni um börn meðal flóttafólks á Norðurlöndum	-			-
Ráðherranefndin um byggðastefnu (MR-Regional): Aðgerðasvið: Sjálfbær þróun bæja, aðlögun og staðbundinn vinnu-markaður	1,0 m.da.kr.			1,0 m.da.kr.
Ráðherranefndin um menningarmál (MR-K): Ýmis starfsemi með áherslu á menningarlíf sem vettvang til aðlögunar	0,8 m.da.kr.			0,8 m.da.kr.
Ráðherranefndin um orkustefnu (MR-E): Verkefni um menntun „orkusendiherra“ meðal kvenna af erlendum uppruna	0,3 m.da.kr.			0,3 m.da.kr.
Ráðherranefndin um atvinnustefnu (MR- Næring): Frekari aðgerðir í framhaldi af kortlagningu á bestu	0,5 m.da.kr.			0,5 m.da.kr.

starfsháttum atvinnulífsins varðandi aðlögun fólks sem er nýkomið til Norðurlanda.				
Ráðherranefndin um jafnréttismál (MR-JÁM): Stór norræn ráðstefna um jafnrétti á vinnumarkaði, m.a. atvinnuþátttöku kvenna úr minnihluta- hópum	-			-
Áætlað samtals	15,8 m.da.kr.	8,0 m.da.kr.	5,2 m.da.kr.	2,6 m.da.kr.

Rætt verður reglulega um fjárframlög fagsviðanna og ákvarðanir teknar um þau.

Upplýsingar til Norðurlandaráðs

Í bréfi samstarfsráðherra Finnlands, dags. 24. maí 2016, er Norðurlandaráði greint frá því að um 4 m.da.kr. sem merktar voru European Humanities University verði væntanlegar færðar yfir á norrænt samstarf um aðlögun flóttafólks og innflytjenda .